



Yfirvofandi brotlending

● Andreas Brunner sýnir í D-sal ● Opnun án opunarhófs vegna kórónuveiru ● Hringrás, uppbygging og niðurbrot

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Svissneski myndlistarmaðurinn Andreas Brunner er sá 41. sem sýnir í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Sýningin ber titilinn *Ekki brotlent enn* og verður ekki blásið til opunarteytis vegna kórónuveirufaraldurs og samkomubanns. Sýningin verður engu að síður opnuð í dag og sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

Brunner er fæddur árið 1988 í Zürich en býr og starfar í Reykjavík. Hann nam myndlist við Lucerne University of Applied Science and Arts og stundaði framhaldsnám í Listaháskóla Íslands, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2018 með meistaraáráðu.

Boltar með og án lofts

Brunner er nýkominn úr innkaupaferð í byggingarvörðverslun þegar blaðamaður hittir á hann fyrir utan D-salinn tveimur dögum fyrir opnun. Þegar inn í salinn er komið er augljóst að sýningin er langt því frá uppsett. Á gólfi er torkennilegur fleki, þríhyrndur í laginu og greinilegt að eitthvað á að halda honum uppi þar sem þrjú hölf eru undir honum, eitt á hverju horni. Brunner segir að þar verði þrjú upplásnir æfingaboltar og bendir á glært plast í kassa sem reynist vera slíkur bolti og loftlaus.

Ofan á flekann mun Brunner setja grálitaðar gífsafsteypur af sams konar sprungnum boltum. Afsteypunar minna engan veginn á bolta og lögun þeirra fer eftir því hvernig boltarnir sprungu. Engar tvær eru eins og segist Brunner kunna vel að meta slíkar tilviljanir í listsköpun sinni. Honum er einnig hugleikin „hugmyndin um stöðuga framvindu og umbreytingu, sem samt sem áður tekur á sig birtingarmynd hringrásar, einhvers konar spíralhreyfing sem ætlar engum botni að ná og brotlendir því aldrei“, eins og það er orðað í tilkynningu og boltarnir endurspeglar það, ýmist upplásnir eða loftlausir og mynd-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Númer 41 Svisslendingurinn Andreas Brunner er 41. myndlistarmaðurinn sem sýnir í röðinni í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

ast þannig ákveðin hringrás lofts.

Á vegg verður vídeóverk sem sýnir engisprettu sem á vantar fót, að sögn Brunner. „Ég tók vídeóið upp í Delfi á Grikklandi og engisprettan fer fram og aftur, föst í línulegri hreyfingu og hún dansar furðulegan dans, væntanlega vegna þess að á hana vantar fót,“ segir Brunner. Skordýrið er þannig líka fast í síendurteknu ferli.

Níhilískt viðhorf

Annað vídeóverk á sýningunni, einnig óuppsett, sýnir höndina á Brunner sem heldur um frostpinnu og hann bráðnar auðvitað, hægt og rólega. Er hann að segja með þessu að ekkert vari að eilífu? Er þetta bölsýni? „Já, eða öllu heldur níhilískt viðhorf. Titillinn er *Ekki brotlent enn* og mér finnst hann góður því hann vísar til ákveðins tímapunkts í framtíðinni sem er, á einhvern hátt, óumflýjanlegur. Brotlendingin er í mínum huga ekki endilega neikvæð heldur frekar eitthvað sem skellur óvænt á þér. Þessi veira er kannski þess eðlis,“ segir Brunner og á þar við kórónuveiruna skæðu. „Eitthvað skellur óvænt á þér og ekki bara þér sem einstaklingi því það hefur áhrif á allar stéttir.“

Allt er breytingum háð

Brunner leitir í list sinni í hugmyndir heimspekinga á borð við Nietzsche, Heidegger og Kierkegård sem hann segir oft hafa verið rangtúlkaða. „Ég tel margt upplífandi í þeirra speki þegar kemur að

breytingum og hringrás, stundum þarf hrun til að eitthvað nýtt geti sprottið fram,“ segir Brunner. Áður en kórónuveiran hafi farið að herja á mannkynið hafi verið ljóst að hið kapitalíska skipulag heimsins myndi ekki endast að eilífu. „Hann er mjög ómannúðlegur,“ segir Brunner um kapitalismann og er greinilega lítt hrifinn af honum.

Hnettir birtast ekki aðeins í æfingaboltum, upplásnum eða sprungnum, á sýningu Brunner heldur einnig öðru verki sem var upphaflega hurðabankari. Hann sýnir hönd gyðjunnar Persefónu, tákmyndar árstíðanna, sem heldur á granatepli. Forn hefð er fyrir slíkum afsteypum en Persefóna nærðist á safu ávaxtarins til að lifa veturinn af í undirheimum hjá ástmanni sínum, Hadesi, segir í tilkynningu.

Mála yfir hvor hjá öðrum

Á sýningunni verður líka framinn spaugilegur gjörmingur, tveir starfsmenn safnsins munu mála súlu í miðju salarins, hvor í sínum lit. Þeir færa sig rangsælis um súluna og munu því mála í sífellu yfir hvor hjá öðrum. Málarnir verða þannig sviptir ánægjunni af loknu verki, nýmáludum vegg. Hringrásin verður endalaus svo lengi sem sýningin er opin. Brunner brosir að þessari hugmynd sinni. „Þetta verk fjallar líka um þetta ferli, uppbyggingu og niðurrif,“ útskýrir hann og blaðamaður kveður hann með hneingingu.

Frekar upplýsingar um opnartíma Listasafns Reykjavíkur má finna á listasafnreykjavikur.is.